

A desk scene featuring a spiral notebook, a pen, and a potted plant. A large semi-transparent circle is overlaid on the left side of the image. In the bottom right corner, there is a target graphic consisting of several concentric white circles.

**Sagnorð**

# Einkenni sagnorða

Sagnorð fallbeygjast **ekki**, en þau hafa tíðir, þ.e. nútíð (**nt**) og þátíð (**pt**).

Hægt er að finna sagnir með hjálparorðunum *núna* (fyrir nútíð) og *áðan* (fyrir þátíð)

- Ég *fór* út í búð áðan.
- Ég **fer** núna - Ég **fór** áðan

Einnig er hægt að athuga hvort orðið sé til í nafnhætti (**nh**).

- að **fara**

**Sagnorð (so)**  
**Sagnir**  
**Umsagnir**



**Sagnorð segja frá því sem gerist eða gerðist, lýsa ástandi eða því sem er eða var. Þau eru kjarni hverrar setningar og hafa oft úrslitaáhrif um merkingu og skilning okkar á henni.**

# Greiningaratriði sagnorða

Sagnorð hafa persónu, tölu og tíð.

Persóna:

- 1. persóna, *ég/við* (**1.p.**)
- 2. persóna, *pú/pið* (**2.p.**)
- 3. persóna, *allt annað* (**3.p.**)

Tala:

- Eintala (**et**) og fleirtala (**ft**)

Tíð:

- Nútíð (**nt**) og þátíð (**pt**)

*Þið lærið* öll málfræði.

*Lærið*: 2.p., ft., nt.

# Myndir sagnorða

## Germynd (gm):

Algengasta myndin, segir hvað einhver gerir.

### **Dæmi:**

Móðirin skutlaði syni sínum í skólann.

## Þolmynd (þm):

Leggur áherslu á þolandann, myndast með hjálparsögninni **að vera**, alltaf hægt að bæta af einhverjum við.

### **Dæmi:**

Syninum var skutlað í skólann.

(af móðurinni).

## Miðmynd (mm):

Þá er eitthvað yfirstandandi, að gerast, myndast með germynd **+ st**. Miðmynd endar alltaf á **-st**.

### **Dæmi:**

Móðirin skutlast með soninn í skólann.

(að skutlast).



# Beyging

## **Sterk beyging** (óregluleg)...

- er eitt akvæði með hljóðbreytingu og endingarlaus í þátíð.

### **Dæmi:**

fara – fór

bera – bar

líta – leit

## **Veik beyging** (regluleg)...

- endar á -ði, -di eða -ti í þátíð.

### **Dæmi:**

hoppa – hoppaði

ræna – rændi

sækja – sækti

# Áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir

**Áhrifssagnir** taka með sér andlag (fallorð í aukafalli).

**Dæmi:**

Ég sá *Guðmund* (**þf**)

Hann gaf mér *hest* (**þgf** og **þf**)

**Áhrifslausar sagnir** hafa ekki áhrif á fall orðanna sem fylgja og þau eru því í nefnifalli (sagnfylling).

**Dæmi:**

Hann heitir *Guðmundur* (**nf**)

Þetta er *hestur* (**nf**)

- Nefnifall er aðalfall
- Þolfall, þágufall og eignarfall eru aukaföll